

BORGARRÁÐ 24. janúar 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sundurlíðuð svör vegna fyrirspurn um Nauthólsveg 100 - R17080091

Fyrirspurnir frá hópi fólks í borginni sem áheyrnarfulltrúi óskar að verði svarað þannig að hvert svar komi í kjölfar sérhverrar fyrirspurnar og að ekki verði vísað í skýrsluna um braggann heldur að svörin komi fullbúin. Margt fólk sem óskar svara eru eldri borgarar og treysta sér ekki til að lesa skýrsluna. 1 Hverjir höfðu umsjón með endurbyggingu braggans? 2. Var verkefnið boðið út að hluta til eða öllu leyti? 3. Hvaða verktakar unnu verkið? 4. Samþykkti borgarstjóri reikningana áður en greitt var? 5. Óskað er eftir að fá afrit af samstarfssamningi borgarinnar við HR um endurbyggingu braggans. 6. Óskað er eftir að fá afrit af öllum samþykktum þeirra ábyrgðaraðila innan borgarkerfisins sem samþykktu útgjaldaliði af hálfu borgarinnar umfram kostnaðaráætlun. 7. Óskað er eftir að lagðar séu fram hönnunarfundargerðir og verkfundargerðir. 8. Hverjar voru hönnunarforsendur fyrir endurbyggingu braggans? 9. Hverjar voru forsendurnar að vali ráðgjafa, voru þeir valdir vegna sérþekkingar sinnar á endurbyggingu bragga af þessu tagi eða vegna sérþekkingar þeirra á eldri húsum almennt? 10. Á hvaða grundvelli var samið við þessa ráðgjafa? 11. Hver ber ábyrgð á þessari framúrkeyrslu? 12. Fyrir hönd verkkaupa og skattgreiðenda. Hver breytti forsendum þannig að kostnaðaráætlunin fór úr böndum? 13 Hver hafði yfirsýn yfir framvinduna? 14. Hver gaf leyfi til að halda áfram þegar ljóst var að áætlunin stóðst ekki? 15. Er sama fastanúmer á öllum þremur húsum?